

Annáll 2023

Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands

Kæra samstarfsfólk og velunnarar

Um leið og við óskum ykkur gæfu og gleði í upphafi árs sendum við annál um helstu verkefni Sjálfbærnistofnunar HÍ á síðastliðnu ári. Á árinu 2023 unnum við að fjölmörgum verkefnum og viðburðum um sjálfbærni innan og utan háskólans. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs á árinu 2024.

**Janúarkveðjur,
Starfsfólk og stjórn Sjálfbærnistofnunar Háskóla Íslands**



Nafnabreyting stofnunar

Í kjölfar stefnumótunar stjórnar og forstöðumanns á árinu 2022 var ákveðið að breyta nafni stofnunarinnar úr Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir í Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands. Nafnið Sjálfbærnistofnun þykir meira lýsandi fyrir starfsemi stofnunarinnar og í anda annarra stofnana innan HÍ.

Sjálfbærnisráð HÍ

Sjálfbærnistofnun vann að gerð [sjálfbærnisráðs Háskóla Íslands 2022](#) en stofnuninni var falið verkefnið af sjálfbærnisráði HÍ. Skýrslan er önnur sinnar tegundar hjá íslenskum háskólum en HÍ gaf út fyrstu skýrsluna árið [2022](#). Aukinn þrýstingur er á háskóla að gera grein fyrir, með mælanlegum hætti, hvernig starf háskóla styður við sjálfbærni og eru sjálfbærnisráðslur meðal annars notaðar við röðun háskóla á alþjóðlegum matslistum. Í skýrslunni er yfirlit yfir víðfeðmt starf HÍ út frá sjálfbærni og er hún mikilvægt skref fyrir HÍ að verða leiðandi á sviði sjálfbærni. Fyrsta skýrslan var eingöngu á ensku en nýjasta skýrslan er bæði aðgengileg á íslensku og ensku. Í ritstjórn skýrslunnar voru Hafdís Hanna Ægisdóttir, Lára Hrönn Hlynsdóttir og Ásdís Björk Gunnarsdóttir hjá Sjálfbærnistofnun og Sólrún Sigurðardóttir hjá Framkvæmda- og tæknisviði. Lára Hrönn og Sólrún kynntu skýrsluna og niðurstöður hennar á málþinginu Hátíð sjálfbærni þann 6. desember. [Lokaútgáfa](#) skýrslunnar varð aðgengileg í byrjun desember.



Innleiðing sjálfbærnimála í HÍ

Sjálfbærni og fjölbreytileiki er ein af fjórum megináherslum stefnu Háskóla Íslands, HÍ26. Í samvinnu við aðra aðila innan HÍ, vinnur Sjálfbærnistofnun að innleiðingu sjálfbærnimála í skólanum og að undirbúningi sjálfbærnisviða. Starfsfólk Sjálfbærnistofnunar fundaði að þessu tilefni með stjórnnum allra fræðasviða HÍ ásamt Fanneyju Karlsdóttur, verkefnisstjóra Aurora og Sólrúnu Sigurðardóttur, verkefnisstjóra á Framkvæmda- og tæknisviði. Á fundunum var rætt um sjálfbærnimál í HÍ og spurningum svarað, auk þess sem sjálfbærnisráð HÍ var kynnt.



Sjálfbærnisráð HÍ var kynnt á háskólaþingi

Úttekt á alþjóðlegum smitáhrifum Íslands

Sjálfbærnistofnun HÍ vann úttekt á stöðu smitáhrifa Íslands árið 2023 að beiðni íslenskra stjórnvalda. Með smitáhrifum er átt við hvernig aðgerðir innan hvers ríkis hafa neikvæð eða jákvæð áhrif á getu annarra ríkja til að ná heimsmarkmiðunum. Í skýrslunni má meðal annars finna mat á stöðu smitáhrifa Íslands og tillögur að næstu skrefum til þess að lágmarka neikvæð áhrif landsins. Útdráttur birtist í landrýnskýrslu Íslands til Sameinuðu þjóðanna (VNR) um stöðu heimsmarkmiðanna á Íslandi.



ADVICE - Handbók um náttúrumiðaðar lausnir

Sjálfbærnistofnun tekur þátt í norrænu verkefni styrktu af Norrænu ráðherranefndinni sem leitt er að NIVA, norsku vatnarannsóknarstofnuninni. Megintilgangur verkefnisins er að þróa stafræna handbók um stefnumótun fyrir náttúrumiðaðar lausnir á Norðurlöndunum fyrir stefnumótendur á báðum stjórnsýslustigum. Í handbókinni verða lagðar fram ráðleggingar og tillögur um hvernig hægt er að þróa og aðlaga stefnur til að auka enn frekar innleiðingu náttúrumiðaðra lausna. Hafdís Hanna, forstöðumaður, fór á fund samstarfsaðila í Osló í byrjun nóvember.



Hafdís Hanna á fundi samstarfsaðila í Osló

BEFoRE hópurinn hittist á Íslandi

BEFoRE – BEnefits From Restoration

BEFoRE er alþjóðlegt þriggja ára þverfræðilegt verkefni sem stofnunin vinnur að í samstarfi við alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin (International Union for Conservation of Nature, IUCN) og háskólann í Sao Paulo í Brasilíu. Í verkefninu eru félagslegur og vistfræðilegur árangur endurheimtar vistkerfa á Íslandi og í Brasilíu rannsakaðir og tengdir við loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni og sjálfbærni.



Guðrún Guðjónsdóttir er doktorsnemi við verkefnið og leiðbeinendur eru Thamar Heijstra, prófessor í félagsfræði við HÍ; Kristín Svavarsdóttir, sérfræðingur hjá Landi og skógi og Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar. Fyrsti fundur (Kick-off) BEFoRE verkefnisins var í höfuðstöðvum IUCN í Sviss í lok október 2022 og í september 2023 fundaði hópurinn á Íslandi.

NORDRESS - Heimildarmynd um náttúruhamfarir á Norðurlöndum

Þegar dró að lokum norræna samstarfsverkefnisins NORDRESS, um viðbrögð samfélaga við náttúruhamförum, var ákveðið að auk hefðbundinnar lokaskýrslu yrði gerð heimildarmynd um viðfangsefni verkefnisins. Kastljósinu er beint að náttúruhamförum sem hafa orðið eða eru yfirvofandi á Norðurlöndum: flóð af völdum hækkandi sjávarborðs eða úrkomu, kvikleir og jarðskrið, skriðuföll og flóðbylgjur, snjóflóð, eldgos og skógareldar. Rætt er við þolendur hamfaranna, viðbragðsaðila, yfirvöld og vísindamenn. Loks er farið yfir möguleg viðbrögð til að draga úr hættunum eða áhrifum þeirra. Haustið 2022 var kvikmyndað á vettvangi og viðtöl tekin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og 2023 var gengið frá viðtölum við íslenska þátttakendur. Unnið var að klippingu og eftirvinnslu tveggja 50 mínútna þátta. Í árslok 2023 stendur eftir að ganga frá heimild til að nota fréttæfni frá norrænum sjónvarpsstöðvum og semja um sýningarrétt. Þóra Arnórsdóttir, Eiríkur Ingi Böðvarsson og Guðrún Pétursdóttir vinna að verkefninu sem framleitt er af Task4Media.



ARCADE

ARCADE er leiðtoganámskeið tengt áskorunum á norðurslóðum sem Rannsóknasetur um norðurslóðir og Sjálfbærnistofnun bjóða uppá í samstarfi við Ilisimatusarfik - Grænlandsháskóla, UiT Norges arktiske universitet í Tromsø, The Arctic Initiative við Kennedy-skólann við Harvard-háskóla og Hringborð norðurslóða (Arctic Circle). Á námskeiðinu eru framhaldsnemar þjálfaðir í að takast á við þær flóknu áskoranir sem blasa við samfélögum og náttúru norðurslóða.

ARCADE hópurinn á Íslandi



Námskeiðið er þverfræðilegt og fjallar um loftslagsbreytingar, leiðtogahæfni, sjálfbærni, öryggismál, stjórnsmál og nýsköpun á Norðurslóðum. Staðnámsvikurnar eru þrjár talsins í Noregi (Tromsø), á Íslandi (Reykjavík og á suðausturlandi) og á Grænlandi (Nuuk) og tók Hafdís Hanna, forstöðumaður þátt í staðnámsvikunni í Tromsø. Fyrsti hópur námskeiðsins útskrifaðist á Hringborði norðurslóða (Arctic Circle) í október og nýr hópur nemenda var valinn úr hópi yfir 80 umsækjenda í desember. Fyrsta staðvika námskeiðsins árið 2024 fer fram í Tromsø í lok janúar. Kynningarmyndband um ARCADE námskeiðið má nálgast [hér](#).

Snjallræði

Snjallræði er 16 vikna vaxtarrými (e. incubator) sem styður við öflug teymi sem brenna fyrir lausnum á áskorunum samtímans og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Það geta verið lausnir sem snúa að heilbrigðisþjónustu, velferðartækni, bættu menntakerfi og jafnréttismálum, svo dæmi séu tekin. Snjallræði var stofnað af Höfða friðarsetri árið 2018 og kemur Sjálfbærnistofnun að utanumhaldi vaxtarrýmisins.



Teymin og aðstandendur Snjallræðis fögnuðu á lokaviðburði í desember

Under One Cod

Verkefnið Under One Cod er hýst hjá Sjálfbærnistofnun HÍ og snýr að sjálfbærri auðlindarnýtingu. Í verkefninu koma ýmsir aðilar frá mörgum stofnunum hérlendis og erlendis, en verkefnið er styrkt af RANNÍS. Dr. Freydís Vigfúsdóttir vinnur að verkefninu í 15% starfshlutfalli og leiðir það ásamt Daða Má Kristóferssyni.

Hátíð sjálfbærni

6. desember

Sjálfbærnistofnun bauð til hátíðarmálþings þar sem fjallað var um sjálfbærni frá ýmsum hliðum og fjölbreytt verkefni voru kynnt, m.a. ný sjálfbærnisráðgjafing HÍ og NORDRESS, norrænt öndvegissetur um náttúruvá og öryggi samfélaga. Farið var yfir sögu Sjálfbærnistofnunar og nýju nafni var fagnað. Loks fóru fram pallborðsumræður um sjálfbærni þar sem leitast var við að svara ýmsum spurningum. Málþingið var tekið upp og má nálgast [hér](#).



Guðrún Pétursdóttir kynnti NORDRESS



Hátíðinni lauk með pallborðsumræðum um sjálfbærni

Ráðstefnur og viðburðir

Loftslagskvíði - Hvernig lifum við með honum?

20. janúar

Opið málþing Sjálfbærnistofnunar og Loftslagsleiðtogans um loftslagskvíða og leiðir til að lifa með honum. Meðal annars var farið yfir hvort loftslagskvíði sé raunverulegur, hvort áhyggjur af loftslagsbreytingum geti haft neikvæð áhrif, hvað er hægt að gera til að sporna við loftslagskvíða og hvernig tökumst við á við loftslagskvíða. Málþingið var tekið upp og má nálgast [hér](#).



Hátíð líffræðilegrar fjölbreytni

23. febrúar

Opunarviðburður hátíðar líffræðilegrar fjölbreytni en hátíðin var haldin með reglulegum viðburðum út árið 2023. Markmið hátíðarinnar var að vekja athygli á mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni og sérstöðu náttúru Íslands. Á opunarviðburðinum var samráðsvettvangurinn BIODICE kynntur sem og ný heimasíða. Farið var yfir niðurstöður leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, COP15, sem fram fór í Montreal í Kanada í desember síðastliðnum og hvað þær þýða fyrir Ísland.



Aðlögun að loftslagsbreytingum: Hvað vitum við og hvað þurfum við að gera?

16. mars

Stjórn samráðsvettvangs um þekkingarsköpun vegna áhrifa loftslagsbreytinga, sem Sjálfbærnistofnun á sæti í, bauð til samtals á þverfaglegri málstofu sem hafði það að markmiði að öðlast yfirsýn yfir stöðu þekkingar á sviði loftslagsbreytinga og aðlögunar en ekki síður að styrkja tengslanet á milli aðila sem starfa á þessu sviði.



TAKTU DAGINN FRÁ!
**ADLÖGUN AÐ
LOFTSLAGSBREYTINGUM:
HVAÐ VITUM VIÐ OG
HVAÐ ÞURFUM VIÐ AÐ GERA?**

16. MARS | KL. 9-12
HÓTEL NATURA
KAFFI OG KRUDERÍ Í BODI



Samráðsfundir um sjálfbæra þróun

17. apríl – 4. maí

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra bauð til opinna samráðsfunda um sjálfbæra þróun á Íslandi. Á fundunum var fjallað um stöðu sjálfbærni, helstu áskoranir og tækifæri en vinna stendur yfir við mótun stefnu Íslands um sjálfbæra þróun. Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar, var ein þeirra sem voru með innlegg á fundunum. Alls voru haldnir 8 fundir víðsvegar um landið, þar af einn fjarfundur. Upptöku af ávarpi Hafdísar Hönnu má nálgast [hér](#).



Samtal við forsætisráðherra og umræður um sjálfbæra þróun á Íslandi

9. maí

Sjálfbærnistofnun tók þátt í fjarfundi sem bar yfirskriftina *Samtal við forsætisráðherra og umræður um sjálfbæra þróun á Íslandi* og var hluti af fundaðerð ráðherra um landið til að kynna stefnumótun um sjálfbæra þróun. Upptöku af fundinum má nálgast [hér](#).



Hliðarviðburður Íslands á ráðherrafundi Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

11. júlí

Ísland stóð fyrir sérstökum hliðarviðburði um smitáhrif í tengslum við ráðherrafund Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, en Sjálfbærnistofnun vann úttekt á alþjóðlegum smitáhrifum Íslands fyrir forsætisráðuneytið. Á viðburðinum var rætt við leiðandi vísindafólk og sérfræðinga á sviði sjálfbærrar þróunar, bæði íslenska og erlenda, um smitáhrif og hvað megi gera til sporna við þeim. Viðtal var tekið við Hafdísi Hönnu, forstöðumann Sjálfbærnistofnunar og tók hún einnig þátt í pallborði. Viðburðurinn var tekinn upp og má finna [hér](#).



Kolefnismarkaðir og tengsl þeirra við löggjöf og stefnumótun um loftslagsmál

23. ágúst


Lagastofnun Háskóla Íslands, í samvinnu við Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands, efndi til málþings um kolefnismarkaði og tengsl þeirra við löggjöf og stefnumótun um loftslagsmál. Málþinginu var ætlað að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um hlutverk kolefnismarkaða í baráttunni gegn loftslagsvandnum og draga upp mynd af því hvernig þeir nýtast sem opinbert stjórnæki í loftslagsmálum og sem aðferð til að afla fjármagns í loftslagstengd verkefni. Sérstaklega var fjallað um samspil viðskipta með kolefniseiningar við löggjöf og stefnumótun í loftslagsmálum á Íslandi og verður sjónum beint að tækifærum, áskorunum og álitæfnum sem slík viðskipti hafa í för með sér. Upptöku má finna [hér](#).



Málþing um kvikmyndir og líffræðilega fjölbreytni

3. október

BIODICE, RIFF og Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands stóðu fyrir málþingi um hlutverk kvikmynda við vísindamiðlun. Markmið málþingsins var að vekja athygli á því hve öflugur miðill listir og þá sérstaklega kvikmyndir geta verið þegar kemur að því að fræða um flókin hugtök í vísindum og koma áleiðis mikilvægum skilaboðum. Kvikmyndir og heimildamyndir eru þannig gagnleg verkfæri þegar koma þarf af stað vitundarvakningu um mikilvæg samfélagsleg málefni á borð við loftslagsbreytingar og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður, tók þátt í pallborðsumræðum.



Bragðagarður: Slow Food hátíð

20. og 21. október

Bragðagarður var tveggja daga Slow Food hátíð með fræðsluerindum, vinnustofum og matarmarkaði Samtaka smáframleiðenda matvæla. Hátíðin er samstarfsverkefni Slow Food Reykjavík, Grasagarðs Reykjavíkur, Samtaka smáframleiðenda matvæla, Beint frá Býli, Biodice hátíð um líffræðilega fjölbreytni 2023, Sjálfbærnistofnunar Háskóla Íslands og Kaffi Flóru.



Let the River Flow - frumsýning og samtal

23. október

Kvikmyndin Let the River Flow var frumsýnd í Bío Paradís í samstarfi við norska sendiráðið á Íslandi, BIODICE, Hátíð líffræðilegrar fjölbreytni, Náttúruminjasafn Íslands, RIKK - Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands og Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands. Eftir myndina fóru fram umræður um líffræðilega fjölbreytni, loftslag og réttindi frumbyggja.



Lokadagur Snjallræðis

15. desember

Uppskeruhátíð Snjallræðis þar sem teymin sem tóku þátt í 16 vikna prógrammi Snjallræðis kynntu hugmyndir sínar og afrakstur síðustu mánaða. Sjálfbærnistofnun kom að skipulagi viðburðarins.



Jæja – hlaðvarp

JÆJA er ný útvarpsþáttaröð á RÚV í umsjón Guðmundar Steingrímssonar um þær tröllvöxnu áskoranir sem blasa við þjóðum heims í umhverfismálum og mögulegar lausnir á þeim. Þáttaröðin tekur fyrir á aðgengilegan hátt hlýnun jarðar, þjónustu vistkerfa, kleinhringja- og hringrásarhagkerfið, þolmörk jarðar og síðast en ekki síst sjálfbærni. Í fjórða þætti er Hafdís Hanna, forstöðumaður til viðtals um hugtakið sjálfbærni ásamt Elvu Rakel Jónsdóttur framkvæmdastjóra Festu.



Ráð- og nefndarseta

Samráðsvettvangur um þekkingarsköpun vegna áhrifa loftslagsbreytinga

Sjálfbærnistofnun átti sæti í stjórn samráðsvettvangs um þekkingarsköpun vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Samráðsvettvangurinn skal þjóna sem rými fyrir fundi, vinnustofur og fræðslu vegna rannsókna og greininga á áhrifum loftslagsbreytinga og starfar í umboði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Í stjórn vettvangsins sitja fulltrúar frá Veðurstofu Íslands, Samstarfsnefnd háskólastigsins, Sjálfbærnistofnun HÍ, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Embætti landlæknis.



Stjórn samráðsvettvangs um þekkingarsköpun vegna áhrifa loftslagsbreytinga

Festa - miðstöð um sjálfbærni

Hafdís Hanna er formlegur tengiliður HÍ við Festu, miðstöð um sjálfbærni, ásamt Fanneyju Karlsdóttur og Magnúsi Diðriki Baldurssyni.

Loftslagsráð

Hafdís Hanna sat í Loftslagsráði fyrir hönd Neytendasamtakanna á árinu 2023.

Rammaáætlun

Hafdís Hanna er formaður faghóps 1 um náttúru- og menningarminjar í 5. áfanga rammaáætlunar.

Starfsfólk

Á árinu 2023 bættist í starfsmannahóp stofnunarinnar. Lára Hrönn Hlynsdóttir var ráðin í fullt starf verkefnisstjóra frá og með 1. janúar 2023 en hún hafði verið í 80% stöðu á lokamánuðum ársins 2022. Einnig var Ásdís Björk Gunnarsdóttir ráðin tímabundið í 100% verkefnisstjórstöðu frá ágúst 2023. Auk þess var Dr. Freydís Vigfúsdóttir verkefnaráðinn sérfræðingur í 15% stöðu í verkefninu Under One Cod sem hýst er hjá SSHÍ. Sem fyrr var Hafdís Hanna Ægisdóttir forstöðumaður stofnunarinnar og Guðrún Guðjónsdóttir, doktorsnemi við stofnunina.



Frá vinstri: Guðrún Guðjónsdóttir, Ásdís Björk Gunnarsdóttir, Hafdís Hanna Ægisdóttir og Lára Hrönn Hlynsdóttir

Sjálfbærnistofnun á samfélagsmiðlum

Við minnum á heimasíðu Sjálfbærnistofnunar www.sshi.hi.is og að við erum einnig á [Facebook](#), þar sem við deilum mest á íslensku og á [LinkedIn](#), þar sem við deilum mest á ensku.



HÍ SJÁLFBÆRNISTOFNUN

Með ósk um gæfuríkt 2024

Sjálfbærnistofnun
Háskóla Íslands